

Sp.

641. Breytingartillaga

[19. mál]

við brtt. á þskj. 623 [Varnarsamningur milli Íslands og Bandaríkjanna].

Frá 2. minni hl. utanríkismálanefndar (FRV).

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að æskja nú þegar endurskoðunar þeirrar, sem gert er ráð fyrir í 7. gr. varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951, og jafnframt að tilkynna ríkisstjórn Bandaríkjanna og ráði Norður-Atlantshafsbandalagsins, að Íslendingar óski ekki að endurnýja samninginn, m. a. með tilliti til yfirlýsinga um, að eigi skuli vera erlendur her á Íslandi á friðartímum þrátt fyrir aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu.

Jafnframt skal sömu aðilum tilkynnt, að Íslendingar muni heldur kjósa að sjá sjálfir um nauðsynlegt viðhald mannvirkja og útbúnaðar (sbr. 7. gr. samningsins) en heimila Bandaríkjunum að annast það, — þó muni Íslendingar ekki taka að sér neins konar hernaðarstörf, — en þess sé óskað, að allur her verði farinn héðan fyrir 5. maí 1957.

Verði ekki fallizt á þetta, skal ríkisstjórnin segja samningnum upp að liðnum sex mánuðum frá því, að ósk um endurskoðun var borin fram, og leggja frv. um uppsögn samningsins og afnám lagagildis hans fyrir næsta Alþingi.

Frá því að ósk um endurskoðun verður borin fram samkv. 1. mgr., skal ríkisstjórnin enga samninga gera um frekari mannvirkjagerð hér á landi samkv. samningnum og jafnframt gera ráðstafanir til, að fækkað verði starfsliði á vegum hersins og við mannvirki í sambandi við stöðvar hans hér á landi, gæta þess vandlega, að slík vinna valdi ekki skorti á vinnuafli við íslenzka atvinnuvegi og framkvæmdir, og herða á ráðstöfunum til þess að girða fyrir öll ónauðsynleg samskipti milli hersins og Íslendinga.